

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. október 2023

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um sameiningarviðræður við Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að bjóða Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ til viðræðna um kosti þess að sameina sveitarfélögin þrjú í eina, öfluga heild.

Greinargerð

Á síðustu árum hefur mikil umræða átt sér stað um sameiningu sveitarfélaga og ýmis stór skref verið stigin í þá átt. Þessar sameiningar hafa þó að mestu verið bundnar við landsbyggðina þótt á höfuðborgarsvæðinu sé fjöldi sveitarfélaga af öllum stærðum og gerðum.

Næsta sumar verða þrjátíu ár liðin frá því að kosið var um sameiningu þessara þriggja sveitarfélaga að viðbættu Kjalarnesi og Kjósarhreppi. Sameining Reykjavíkur og Kjalarness varð að veruleika skömmu síðar. Litlu mátti muna að íbúar Kjósarhrepps hefðu samþykkt sameiningu en stuðningur Seltiminga og Mosfellinga var öllu minni. Hafa ber þó í huga að kosningarnar 1993 voru að langmestu leyti að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins sem knúði fram sameiningarkosningar um mestallt land. Þær tillögur náðu fæstar fram að ganga en sáðu þó fræjum og innan fárra missera komst skriður á sameiningarmál í fjölda sveitarfélaga sem þó höfðu hafnað slíku í kosningunum 1993.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum þrjátíu árum. Viðfangsefni sveitarfélaga hafa orðið fleiri og flóknari, sem eykur á þörfina á öflugum stofnunum og stoðkerfum. Einnig hafa augu fólks opnast fyrir mikilvægi þess að unnt sé að vinna að skipulagsmálum og uppbyggingu samgangna á stærri svæðum en núverandi sveitarfélagamörk segja til um. Þannig er t.d. ljóst að Reykjavík og Mosfellsbær sjá fyrir sér stórfellda uppbyggingu á nálega samliggjandi svæðum á allra næstu árum.

Seltjarnarnes, Reykjavík og Mosfellsbær myndu sameinuð mynda órofa heild á norðanverðu höfuðborgarsvæðinu. Með tillögunni er engin afstaða tekin til þess hvort stefna bæri að frekari sameiningum á svæðinu, s.s. með samruna sveitarfélaganna á suðursvæðinu. Lykilatriðið er að koma umræðunni af stað og nálgast verkefnið fordómalaust.